



KNATTSPYRNUSAMBAND ÍSLANDS

Aðildarfélög KSÍ
b.t. formanna/framkvæmdastjóra

Reykjavík, 30. nóvember 2018.

Breytingar á reglugerð KSÍ um knattspyrnumót og reglugerð KSÍ um knattspyrnudómara og eftirlitsmenn
--

Ágætu félagar,

Á fundi stjórnar KSÍ 22. nóvember sl. samþykkti stjórn KSÍ breytingar á reglugerð KSÍ um knattspyrnumót og reglugerð KSÍ um knattspyrnudómara og eftirlitsmenn. Um er að ræða eftirfarandi breytingar:

1. Breytingar á grein 13.4 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót.
2. Breytingar á grein 4 í reglugerð KSÍ um knattspyrnudómara og eftirlitsmenn.

Eftirfarandi er yfirlit yfir breytingarnar og samantekt:

REGLUGERÐ KSÍ um knattspyrnumót

- 13.1. Aðildarfélög KSÍ eiga rétt á að taka þátt í öllum opinberum knattspyrnumótum nema mótareglur kveði á um annað.
- 13.2. Í landsmótum getur aðeins tekið þátt eitt lið frá hverju félagi í hverju móti, nema mótareglur kveði á um annað.
- 13.3. Stjórn KSÍ skal í samráði við mótanefnd ákveða þáttökugjöld í mótum á vegum KSÍ.
- 13.4. Þáttökutilkynningar í landsmótum skulu berast skrifstofu KSÍ á sérstökum eyðublöðum fyrir 10. janúar. Félag sem rétt eiga til þátttöku í landsdeildum meistaraflakks skulu þó staðfesta þátttöku sína þar með formlegum hætti fyrir 1. nóvember árið áður. Þáttökutilkynningar verða ekki teknar til greina nema nauðsynlegar upplýsingar fylgi skv. reglugerðum KSÍ og fyrirmælum mótanefndar, sem og helmingur þáttökugjalda, helmingur heildargjalds vegna ferða- og upphaldskostnaðar dómara- og aðstoðardómara vegna leikja í deildakeppni (ef við á) og ógreiddar skuldir fyrra árs. Eftirstöðvar þessara gjalda skal inna af hendi eigi síðar en 30. apríl sama ár ella hefur þáttökutilkynningin ekki verið staðfest.

Samantekt

Um er að ræða breytingu á ákvæði 13.4. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót. Breyting þessi, sem samþykkt hefur verið af stjórn KSÍ, var unnin af mótanefnd KSÍ. Nú er tiltekið í ákvæðinu að þáttökutilkynningar skulu berast skrifstofu KSÍ á sérstökum eyðublöðum fyrir **10. janúar** ár hvert. Áður kvað svo á um að þessi tilteknu eyðublöð skyldu berast skrifstofu KSÍ fyrir 20. janúar ár hvert. Í greinargerð frá mótanefnd KSÍ kemur fram að mót séu farin að hefjast mun fyrr en þegar ákvæðið var sett í reglugerð á sínum tíma. Vegna vinnu mótanefndar við niðurröðun leikja þykir betra að félag staðfesti þátttöku sína fyrr.

REGLUGERÐ KSÍ
um knattspyrnudómara og eftirlitsmenn

4. gr.

Landsdómarar

- 4.1. Landsdómari getur hver sá orðið, sem tilnefndur er af dómara nefnd KSÍ, hefur starfað sem héraðsdómari síðastliðin 2 ár og sannar hæfni sína í verki með því að dæma að minnsta kosti 1 leik að viðstöddum fulltrúa dómara nefndar KSÍ.
- 4.2. Dómara nefnd KSÍ velur árlega deildardómara úr hópi landsdómara og skulu þeir einir dæma leiki í Pepsi-deild, 1. og 2. deild karla, Pepsi-deild kvenna, Meistarakeppni KSÍ, bikarkeppnum meistaraflokka karla (aðalkeppni) og kvenna (frá og með 8 liða úrslitum) og úrslitaleiki í landsmótum og bikarkeppnum KSÍ.
- 4.3. Dómara nefnd velur einnig sérhæfða aðstoðardómara úr hópi landsdómara. Þeir skulu starfa oftast sem aðstoðardómarar en sem dómara. Þeir hafa einnig rétt til að dæma alla leiki nema í Pepsi-deild og 1. deild karla.
- 4.4. Landsdómarar skulu gangast undir og standast skriflegt próf í dómarafræðum og regluleg þolpróf skv. ákvörðun dómara nefndar KSÍ.
- 4.5. Milliríkjadómarar skulu standast kröfur FIFA fyrir milliríkjadómara. Dómara nefnd KSÍ er heimilt að auka kröfur til dómara í Pepsi-deild til samræmis við þær kröfur FIFA.

Samantekt

Um er að ræða breytingu á grein 4 í reglugerð KSÍ um knattspyrnudómara og eftirlitsmenn. Breyting þessi, sem samþykkt hefur verið af stjórn KSÍ, var unnin af dómara nefnd KSÍ. Áður kvað svo á um, í grein 4.6., að starfstíma deildardómara ljúki ekki síðar en í lok þess árs, sem hann verður fimmtugur. Nú hefur ákvæði 4.6. verið felld úr reglugerðinni. Í greinargerð frá dómara nefnd KSÍ kemur fram að á Norðurlöndunum hafa þessar aldurstakmarkanir verið felldar niður. Í stað aldurstakmarkana eru notuð stöðluð þrekpróf frá FIFA sem dómara nirnir þurfa að standast.

Ef frekari upplýsinga er óskað þá vinsamlegast hafið samband við undirritaðan.

Haukur Hinriksson

Haukur Hinriksson,
lögfræðingur hjá KSÍ.